

fræði, fag og aðferðir þar sem hvert eflir annað og nýta rannsóknaniðurstöður í þágu skjólstaðinga og greinarinnar í heild.

Rök gegn rannsóknum og fræðimennsku í félagsráðgjöf

Eins og við vitum öll var félagsráðgjöf í upphafi lítið annað en svokallaðar „vinaheimsóknir“ til þeirra sem minna máttu sín, (þ.e. „vänliga besök“ – „friendly visiting among the poor“). Það voru milli-stéttarfrúr, kristilegir eða góðhjartáðir borgarar sem tóku að sér að hjálpa þeim bágstöddu. Þeir voru síðar leystir af hólmi af sjálfböðalidum sem höfðu aflað sér nokkurrar þekkingar með sjálfsnámi sem varð síðan vísirinn að „casework“-hugmyndafræðinni og skipulegu námi. Í kjölfarið fylgdu hugmyndir um nauðsyn þess að breyta þjóðfélagsaðstæðunum og efla rétt þeirra sem minna máttu sín. Síðar komu fram kröfur um faglegri vinnubrögð í daglegu starfi og aukna fræðilega þekkingu.

Í upphafi meðan starfið - hjálpin - byggðist að mestu á nægum tíma, peningum, góðvild og stjórnsemi þeirra betur settu var ekkert um að deila. Allir voru sammála um að það þyrfti að hjálpa og „halda stjórn á lýðnum“ en þau viðhorf eru vel þekkt allt frá tímum Grágásar og jafnvel frá upphafi mannlegs samfélags. Mörg fróðleg dæmi má einnig finna í fyrstu skrifum félagsráðgjafa um þetta og svo auðvitað í félagsmálastefnu nútímans þar sem vinnuaflid og fjölskyldulífið lúta kröfum atvinnulífs og ríkjandi efnahagsstefnu.¹⁾

1) Tveir breskir höfundar lýsa þessu vel í bók sinni *Regulating the poor* (Piven og Cloward, 1972). Bandaríkjamadurinn J. Galper (Galper, 1975), Svíinn Kurt Sjöström (Sjöström, 1974) og fleiri hafa gert svipaðar greiningar.

Um leið og kröfur um þekkingu og laun komu fram örlaði á fyrsta ágreiningnum í stéttinni. Hann var milli þeirra sem vildu vinna að félagsráðgjöf vegna persónulegra lífsviðhorfa sinna og rétta hjálparhönd á grundvelli góðmennskunnar og svo hinna sem vildu menntun, þróaðar aðferðir og laun í anda fagmennskunnar, professionalismans. Segja má að hugmyndir um fræðimennsku, fagleg vinnubrögð og að fá eitthvað í aðra hönd hafi orðið friðarspillir og óvinur félagsráðgjafar í upphafi.

Þótt langt sé um liðið síðan þetta stríð upphófst innan starfsgreinar okkar er ágreiningurinn enn við lýði, aðeins í breyttri mynd. Það er tvíhyggja milli „háskólunar“ (akademiseringar), þróaðra vinnuaðferða og launakröfu annars vegar og svo hins vegar vitundarvakningar og pólitískrar virkni ásamt beinni samsömun við skjólstaðinga og launalegri samstöðu með lítilmagnanum (Sigrún Júlíusdóttir, 1986). Dæmi um hið síðarnefnda, sem speglar reyndar einnig pólitíska strauma (maðisminn), er það þegar norskir félagsráðgjafar höfnuðu fyrir nokkrum árum launahækkun til yfirmanna í starfsgreininni á þeirri forsendu að með henni væri ekki aðeins verið að breikka launabilið innan starfshópsins - þar sem allir ættu að vera jafnir - heldur auk þess milli félagsráðgjafa og skjólstaðinga þeirra sem áttu líka að vera jafningjar. Hér má einnig minnst stöðuheitaumræðunnar á Íslandi 1974-76 þegar háværar raddir beittu sér gegn yfirmannsstarfsheitum sem fólu í sér aðgreiningu innan stéttarinnar, viðurkenningu á ábyrgð og hærri laun.

Segja má að fyrstu hugmyndirnar um að gera greinina félagsráðgjöf að háskólagrein hafi dregið gamla hugmyndafræðilega ágreininginn fram í dagsljósið og valdið þeim

klofningi sem við sitjum uppi með enn í dag. Á meðan beina margar skyldar starfsgreinar kröftum sínum í að efla fag sitt og fræðilega þekkingu í því skyni að verða færari um að vinna í þágu skjólstaðinga sinna, ná meiri áhrifum og virðingu samstarfsaðila. Ég hef sagt annars staðar að þessi framfarahræðsla sé æskumerki hjá stétt okkar, eins konar unglingauppreisn sem kemur fram í því að hirða ekki um virðingu, hafa andúð á yfirmannshlutverkum, ábyrgð og umbun og hafna myndugleika og áhrifamætti um leið. Þessir erfiðleikar með „yfir - undir“ eða „veikur - sterkur“ kunna einnig að eiga rætur að rekja til persónulegrar reynslu og skoðana í þessum efnunum.

Annað sem vert er að minna á er að hjálparstéttir eru kvennastéttir og hefðbundin kvenmynd og félagslegt hlutverk setja þar óhjákvæmilega svip sinn á. Kvenhlutverkið hefur löngum mótast af þeim frumkrafti sem konur búa yfir og er forsenda lífsins, þ.e. að vera til fyrir aðra, vernda, gefa og þjóna. Lengi mætti dásama kvenlega eiginleika og hefja eðlisþætti kvenna til skýjanna en varla vefst það þó fyrir nokkrum að rótgróin fórnarlund, umhyggja og oft ofvaxin ábyrgðarkennd gagnvart öðrum manneskjum, mynd hinnar miklu móður, stangast á við hugmyndir um jafna ábyrgð, framsækni og hagsmuni. Bent hefur verið á að sú togstreita sé ekki síður Þrándur í Götu en ytri kúgunaröfl þegar konur hyggjast fara að gera kröfur sjálfum sér til handa hvort sem um er að ræða langskólanám, stöður, starfsaðstæður eða verkefnaval (Chodorow, 1978; Dahlström og Liljeström, 1981). Því miður hefur alltof lítið verið fjallað um forsendur fyrir starfsvali félagsráðgjafa og annarra hjálparstétta sem eiga ýmislegt sameiginlegt að baki. Ég fer ekki nánar út í þá sálma hér.

Umræðan um hvert ber að stefna er sífellt að verða málefnalegri og má segja að á síðastliðnum 10-12 árum hafi, a.m.k. á Norðurlöndum, orðið mikil breyting. Í því sambandi hefur Harald Swedner prófessor í félagsráðgjöf í Gautaborg talað um „massiv upplutning“ eða að menn fylki sér nú um þróun rannsókna og að efla fræðihuga á sviði félagsráðgjafar (Swedner, 1983). Ég ætla að reifa nokkra atburði sem lýsa þróuninni:

Árið 1973 hélt Nordisk samarbetskomité (NSK) fyrstu norrænu ráðstefnuna (í Danmörku) um rannsóknir í félagsráðgjöf. Stuttu seinna var komið á laggimar fyrstu prófessorsstöðunni í Svíþjóð og bráðlega urðu þær fjórar. Árið 1974 var komið á þriggja ára framhaldsmenntun við Háskólann í Þrándheimi (Institut för höjere sosionomutdanning). Í Finnlandi var komið á sjö prófessorsstöðum í „socialpolitik“ og félagsráðgjöf á tímabilinu 1972-83. Árið 1980 tók NSK frumkvæði að því að stofna fyrsta norræna fræðilega tímaritið í félagsráðgjöf, Nordisk socialt arbeid. Árið 1983 stóð „Rådet for sosialarbeiderutdanning“ í Noregi fyrir námsstefnu um „Rannsóknir í félagsráðgjöf“. Á þessari ráðstefnu mynduðu nokkrir þátttakendur vinnuhóp með einum frá hverju landi, ákváðu að undirbúa fyrsta norræna rannsóknánámskeiðið í félagsráðgjöf og fengu til þess viðurkenningu og fjárfstyrk frá Norðurlandaráði (Nordiska Forskarurser).

Á þessu 10-12 ára tímabili hefur margt verið skrifað og skrafað en allan tímann held ég að óhætt sé að segja að efasemdir hafi liðað umræðuna. Ég hef verið svo heppin að taka þátt í öllum þessum norrænu námskeiðum og ráðstefnum sem ég rakti hér að framan. Mér eru sérstaklega minnisstæð mörg af þeim

rökum og gagnrökum sem sett voru fram á ráðstefnunni 1973, sum af þeim voru ennþá höfð á lofti á námsstefnunni 1983 og sömuleiðis á námskeiðinu 1984.

Ég ætla að nefna nokkur af þessum gagnrökum og minni á að það eru félagsráðgjafar sjálfir sem tala:

1. Aðrir eru færari til þess að vinna að rannsóknum en félagsráðgjafar. Rannsóknir á sviði félagsmála og félagsvísinda eru fyrst og fremst verksvið félagsfræðinga.
2. Það er hlutverk félagsráðgjafar að *hagnýta* í daglegum störfum þá þekkingu sem *aðrir* hafa þróað (s.s. félagsfræðingar, uppeldisfræðingar, sálfræðingar, læknar, lögfræðingar o.s.frv.)
3. Félagsráðgjafar eru „verkamenn“ (socialarbetare) sem eiga að einbeita sér að daglegum þörfum skjólstæðinga sinna og vísa þeim veginn um velferðarþjóf-félagið eða, eins og mætti orða það, vera annars vegar leiðsögumenn skjólstæðinga og hins vegar „handbendi“ yfirmanna, ríkjandi félagsmálastefnu og -hafta.
4. Greinin gæti þróast frá upphaflegu hlutverki sínu, „hjálpahlutverkinu“, þróun sem stefndi gegn hagsmunum skjólstæðinga.
5. Ef félagsráðgjafar fara að lást við rannsóknir munu þeir fjarlægjast hin daglegu störf á mörkinni, verða firtir og einangrast í flábeinsturninum. Þeir kunna að hætta að hugsa um hag skjólstæðinganna en þeim mun meira um eigin hag, laun, vegsemd og virðingu.

Um það bil sem hægt var að fara að stunda doktorsnám í félagsráðgjöf á Norðurlöndum kusu margir þeirra, sem hugðu á framhaldsnám, að snúa sér að annarri grein í stað þess að styrkja sig á sviði félagsráðgjafar og efla þar með stöðu greinarinnar.

Nokkrar af þeim efasemdum sem heyrðust í þessu sambandi voru á þessa leið:

1. Það „passar ekki“ að stunda rannsóknánám í félagsráðgjöf.
2. Það er *umdeilt meðal starfsfélaga* og jafnvel álitid *svik við stéttina og skjólstæðingana*.
3. Það yrði aldrei eins gott nám. Það var vanþróað og of lítið hangað að sækja.
4. Maður fengi ekki sama virðingarsess með doktorsgráðu í félagsráðgjöf og í sálfræði, félagsfræði, uppeldisfræði eða öðrum skyldum greinum.

Ef þessi þróun heldur áfram er hætta á að þeir, sem eru sterkir og hafa forsendur og vilja til að leggja á sig framhaldsnám, yfirgefi greinina. Þannig nær hún seint fræðilegri fótfestu og viðurkenndri stöðu á sviði heilbrigðis- og félagsmála og slíkt mun að sjálfsögðu koma í veg fyrir að félagsráðgjafar geti rekið málstað skjólstæðinga sinna í krafti eigin styrkleika.

Þess vegna þarf að vinna að því að þeir, sem á annað borð óska eftir meiri menntun og eru tilbúnir að leggja hana á sig, leggi áherslu á að gera það innan félagsráðgjafar en ekki í einhverri annarri grein (lögfræði, hagfræði, arkitektúr o.s.frv.) eða í skyldum greinum (s.s. sálfræði, geðlæknisfræði eða uppeldisfræði). Angi af þessu sama fyrirbrigði er þegar félagsráðgjafar sem hafa náð langt á einhverju sérsviði, ýmist með markvissri þjálfun og sjálfsnámi eða formlegri framhaldsmenntun, hætta að kalla sig félagsráðgjafa. Þeir láta þess e.t.v. getið að þeir hafi verið það - en séu það eiginlega ekki lengur: „Ég er upphaflega félagsráðgjafi“, eða eins og það heitir á sænsku: „Jag är socionom i botten“, eða á ensku: „I am a social worker in my back-

ground". Þetta kemur stundum fram þegar félagsráðgjafar hittast á ráðstefnum og tala um þetta eins og „curiosum“ svipað og þegar fjarskyldir ættingjar hittast í boði og uppgötva skyldleikann.

En hver skyldi geta verið ástæðan fyrir þessu? Tilgáta mín er að rótgrónar efasemdir um fræðilega þekkingu, fagmennsku, umbun og virðingu annarra komi ekki aðeins fram í innri togstreitu, viðbrögðum starfsystkina og í umræðunni heldur einnig í eins konar höfnunarferli sem er gagnkvæmt, þ.e. hefur víxlverkandi áhrif á einstakling og fræðilegt svið.

Í daglegu starfi á mörkinni kemur þetta fram í því að þeim sem leggja áherslu á sérhæfingu, fræðilega þekkingu og fagmetnað er „hafnað“ með því viðhorfi að „það á ekki að fara of djúpt ofan í saumana“ eða „þú skalt ekki halda að þú sért eitthvað eða getir eitthvað“. Þessi orð hef ég eftir gömlum kennara mínum úr grunnnámi í félagsráðgjöf sem er nú sjálf í doktorsnámi. Hún sagðist vera að „reyna að gera eitthvað“ þrátt fyrir varnaðarorð starfsystkinanna um að halda sig á mottunni, þ.e. við hlið skjólstæðinganna.

Ferlið snýr ekki aðeins þannig að hópurinn hafnar einstaklingnum heldur líka öfugt, þ.e. að einstaklingurinn hafnar hópnun. Hringferlið fær stigvaxandi áhrif með þeim afleiðingum að einstaklingar sem hafa styrkt sig fræðilega og fara að hafa áhrif á einhverju sviði hneigjast til að yfirgefa greinina. Þeim finnst þeir ekki lengur eiga heima í félagsráðgjöf, sbr. hér að ofan. Þeir leita eftir viðurkenningu þar sem hægt er að fá hana, þ.e. utan félagsráðgjafar.

Þorsteinn Gylfason hefur sagt að menning sé að gera hlutina vel. Á hinn bóginn segir Tine Engelund

að yfirmaður félagsráðgjafa hafi sagt á vinnustað þar sem hún var að vinna við rannsóknir: „Að sjálf-sögðu á félagsráðgjöf að vera vönduð en hver segir að hún eigi að vera svona vönduð?“ (Engelund, 1989). Í sama fyrirlestri á síðustu ráðstefnu félagsráðgjafakennara á Norðurlöndum segir hún að gæðakröfur í starfi félagsráðgjafa megi ekki takmarkast af aðstæðunum eins og þær eru. Sönn gæði náist ekki fyrr en félagsráðgjafar fari sjálfir út fyrir hina settu ramma og þori að fara ofan í saumana á vinnuáðstæðum sínum og verkefnum, jafnvel þótt rannsóknir leiði í ljós einhvern sannleika sem geti beinst gegn ríkjandi goðsögnum í félagsráðgjöf eða afhjúpi auma bletti.

Mörg þessara sjónarmiða speglast í jákvæðri gagnrýni sem komið hefur fram í umræðunni undanfarid. W. Karlsson hefur t.a.m. í grein sinni „Fält og forskning“ (Karlsson, 1986) fjallað um ýmsar hindranir í vegi rannsókna á sviði félagsráðgjafar. Þar segir hann að fólk sé tregt til þess að nýta sér peningavaldið til að gera kröfur um aukna menntun og rannsóknastörf, hvort sem það er í grunnmenntun, framhaldsmenntun eða endurmenntun. Ein slæm hindrun sé sú að nýútskrifaðir félagsráðgjafar gangi oft með grillur um gildi menntunar sinnar og finnst þeir jafnvel vera „útlærðir“ eða a.m.k. „alvissir“ að loknu grunnnámi. Það er líkt og einfölduð hugmyndafræðileg vitund og áhersla á samstöðu með skjólstæðingum verði á kostnað kröfu um gagnrýna hugsun og fræðilegar áherslur. Önnur hindrun sem Karlsson bendir á er að það vanti umbun innan frá, þ.e. frá samstarfsfólki, og utan frá, þ.e. frá stofnuninni og samfélaginu. Aðrir sem taka í sama streng tala um „lokun milli laga“ og nauðsyn þess að miðla þróuninni milli rannsókna og daglegs starfs á mörkinni (Schmidt, Mortensen og Bentzon

1986). Þeir leggja áherslu á nauðsyn þess að rannsakendur miðli rannsóknaniðurstöðum sínum en fjalla minna um móttökuskilyrðin. Þegar Harald Swedner talar um „að verða fleygur“ og „taka flugið“ („att bli flygg“) í umfjöllun sinni um stöðu rannsókna í félagsráðgjöf trúi ég hann eigi við hvort tveggja, þ.e. að greinin verði fær um að fást við rannsóknir og að nýta sér rannsóknaniðurstöður (Swedner, 1987).

Rök fyrir fræðimennsku og rannsóknum í félagsráðgjöf

Ég hef dvalið nokkuð við þróunina almennt, hindranir í upphafi og efasemdirnar sem við erum ennþá að glíma við. Ég sný mér nú að helstu rökum fyrir því að félagsráðgjafar byggi upp eigin fræðikenningar, grundvallaðar á rannsóknum og rannsóknáðferðum sem þeir hafa mótað sjálfir.

Að mínu áliti snýst þetta í fyrsta lagi um hagsmuni skjólstæðinganna og samfélagsins, í öðru lagi um hagsmuni félagsráðgjafans sem einstaklings og fagmanns og í þriðja lagi hagsmuni greinarinnar sjálfar sem ég tel að haldist í hendur við hin atriðin. Þessu til viðbótar mætti einnig minnst á Aþenu, gyðju visku, snilli og andlegar viðleitni, sem beinir sjónum okkar frá hinum þrengsta kjarna til háleitari hugsunar og markmiða.

1. Í daglegu starfi eru félagsráðgjafar í nánnum tengslum við félagsleg vandamál eins og þau snúa að einstaklingum og fjölskyldum, á mskróplani, og sömuleiðis við magn og gæði úrræðanna, á mesóplaninu. Þeim er tamt að skoða vanda í heildarsamhengi en ekki einangraðan eða út frá einkennum. Þess vegna búa þeir yfir sérstakari reynslu og vitneskju en margar aðrar hliðstæðar stéttir. Ég veit a.m.k. ekki um aðra stétt sem er í

jafnbeinum tengslum við einstaklinga, úrræði eða úrræðaleyssi þeirra og samfélagsins og er þannig hvort tveggja í senn fulltrúar skjólstæðinga og kerfis. Því má segja að þeir sem búa yfir þessari einstæðu þekkingu hljóti að vera færastir um að skilgreina hana og miðla henni áfram til þess að hún geti haft áhrif.

2. Frá þekkingarfræðilegu og heimspekilegu sjónarmiði má segja að það sé siðferðileg skylda að einangra ekki þessa þekkingu heldur skila henni til baka og umbreyta henni úr einföldum reynsluforða í skipulega greiningu sem leiðir til betri og skilvirkari aðferða, vinnubragna og lausna fyrir skjólstæðinga.

3. Af þessu má einnig leiða að það sé skylda félagsráðgjafa að láta eigin vinnuáðstæður til sín taka. Það sé skylda þeirra sem eru að kikna undan vinnuálagi og vonleysi vegna úrræðaleyssis, virðingarleysis og lágra launa. Margir hafa einmitt bent á að rannsóknastörf séu mikilvæg leið til að stöðva vonleysisferli og snúa óvirkni upp í virkni.

Önnur og algeng viðbrögð gegn vonleysi og starfsþreytu eru að fá sig lausan um tíma, fara á endurhæfingarnámskeið, fara í önnur minna þyngjandi störf eða flakka milli vinnustaða og skilja slóðina eftir sig. Um þetta hvort tveggja eru mörg dæmi í starfsgrein okkar og er það tæplega til þess fallið að þróa hana í framfaraátt.

Audvitað má hugsa sér ýmsar aðrar leiðir út úr áhrifaleyssinu (t.d. pólitík, félagslega virkni, annað starf o.s.frv.) en í þeim felst annars konar flótti frá starfinu og greininni og þær eru því ekki til umræðu hér (Sigrún Júlíusdóttir, 1986). Ef vonleysi yfir því að geta ekki haft áhrif, hvort sem það er vegna of mikils vinnuálags, óheppilegra að-

ferða eða ónógra úrræða, nær yfirhöndinni er hætta á stöðnun og óánægju þar sem upphaflegi áhuginn, eldmóðurinn og virðingin fyrir skjólstæðingnum og sjálfsákvörðunarrétti hans kunna að snúast upp í andstæðu sína, þ.e. kaldhæðni, áhugaleyssi, vélræn vinnubrögð og jafnvel gerræði. Í versta tilviki beinist vonleysið ekki aðeins inn á við eins og lýst hefur verið hér að framan heldur getur það beinlínis bitnað á skjólstæðingnum. Hér gildir það sama og annars staðar og sá sem nýtur ekki virðingar sjálfs sín og annarra á erfitt með að virða aðra. Aðrir sem hafa fjallað um vonleysi og starfsþreytu, „burnout“-fyrirbærið, hafa einnig tengt þetta saman (Cherniss, 1980; Maslach, 1976).

4. Síðasta atriðið snýr að þróun greinarinnar sjálfrar. Þær rannsóknir sem um ræðir varða dýpkun á þekkingu sem grundvöllur var lagður að í grunnnáminu í því skyni að þróa áfram nýja þekkingu og kenningar. Eigin rannsóknir þar sem fengist er við greiningar og hugtakamyndun eru beinlínis forsenda fyrir því að félagsráðgjöf geti þróast sem sjálfstæð starfs- og fræðigrein.

Ef litid er til annarra greina eru mörg dæmi þess að í upphafi hafi þekkingin beint og óbeint verið sótt til eldri fræðigreina. Verkfræðin byggði t.d. framan af á rannsóknum í stærðfræði og edlisfræði en hefur þróað eigin rannsóknir og kenningar. Enginn dregur gildi þeirra í efa nú. Félagsráðgjöf hefur á sama hátt sótt þekkingu til sálarfræði, félagsfræði, lögfræði o.fl. en ætti nú að hafa forsendur til að þróa sjálfstætt. Með því að tengja rannsóknarþátt félagsráðgjafamámi á öllum stigum er unnið að því að efla greinina sjálfa. Námið yrði meira krefjandi og um leið aðlaðandi kostur fyrir þá sem hyggja á fræðastörf, framhaldsnám

og sérhæfingu í eigin grein. Starfið yrði eftirsóknarverðara, virtara og betur launað.

Hvers konar rannsóknir

Litid til vísindaheimspeki

Í vísindasögu og -heimspeki færast í vöxt að saga og þróun hinna ýmsu stétta eru teknar fyrir og brotnar til mergjar. Í stað þess að láta nægja að lýsa þróun í tímaröð og út frá atburðarás er nú leitast við að greina innri þróun og hvernig fræðigreinar verða fyrir áhrifum ýmist innan frá eða utan („internalism“ eða „externalism“). Um vægi þessara innri eða ytri áhrifa er deilt í vísindasagnfræðinni. Menn hafa jafnframt rekið sig á að vafasamt og erfitt getur verið að meta sögu eigin greinar - eins og ég er hér að leitast við. Þá er hætta á svokallaðri söguskekkju sem felst í því að fortíðin er skoðuð um of undir áhrifum af stöðu greinarinnar og viðhorfum skoðandans hér og nú (Þorsteinn Vilhjálmsson, 1989). Vonandi verður félagsráðgjöf einhvern tíma viðfangsefni vísindasagnfræðinga í slíkri greiningu. Ég tel að félagsráðgjöf hafi frá upphafi fyrst og fremst mótast af ytri áhrifum og umræðan um hugmyndafræði, markmið, stöðu og þróun greinarinnar hafi að mestu leyti mótast af ytri aðstæðum, pólitískum straumum, tíðaranda og velferðarstefnu viðkomandi þjóðfélags. Þetta er e.t.v. ekki undarlegt þar sem félagsráðgjöf sem starfsgrein er beinlínis sprottin fram vegna ytri félagslegra aðstæðna. Hitt er svo annað mál hvort uppruninn - sem alltaf mun hafa sín áhrif - á alfarið að móta þróunina eftir að greinin hefur slitið barnskónum.

T. Kuhn sem manna mest hefur fjallað um þróun vísinda og sett fram kenningar í því sambandi talar um þroskaðar og óþroskaðar fræðigreinar og á þar við að yngri greinar séu óþroskaðar og þurfi að glíma við að móta eigin stefnu og viðtök (Kuhn, 1970). Ég tel að innri þróun greinarinnar, m.a. aukin fræðileg kjölfesta og eigin þekkingarsköpun, muni leiða til þess að félagsráðgjöf nái þroska sem sjálfstæð starfs- og vísindagrein á eigin forsendum. Þótt ytri áhrifa hljóti ætíð að gæta áfram munu innri áhrif smám saman ná yfirhöndinni í stefnumörkun greinarinnar. Félagsfræðingurinn R. Merton hefur einnig fjallað um svipaða hluti í riti sínu frá 1938, *Vísindi, tækni og samfélag á Englandi á 17. öld*, þar sem hann rekur hvernig þjóðfélagsaðstæður hafa áhrif á tilkomu og umfang tiltekinna fræðigreina (Merton, 1978).

Í framhaldi af flokkun T. Kuhns í þroskaðar og óþroskaðar fræðigreinar og greiningu hans á þróun náttúru- eða raunvísinda (aðallega) hafa fleiri höfundar gert sér mat úr viðtakshugtakinu sem miðlægu eða sérkenni þroskaðra fræðigreina. Viðtakið felur í sér að greinin hafi náð að þróa með sér sameiginlegan fræðilegan grunn eða fótfestu og samræmda skilgreiningu á fræðilegu hlutverki sínu. Það er hér sem vettvangs- eða nýtingarviðtakið kemur inn í þróun félagsráðgjafar sem rannsókn- og vísindagreinar (Swedner, 1983). Ég kem betur að því atriði hér á eftir.

Segja má að fyrsta stig alls vísindalegs starfs sé að safna saman eða skapa þekkingu um eitthvað afmarkað og skilgreint - sumar greinar láta sér nægja að setja þessa þekkingu fram þannig einangraða - án þess að draga af henni hagnýtar ályktanir, tengja hana félagslegum veruleika eða setja í heildarsamhengi. John Dewey er einn sá fyrsti af félagsvísindafromkvöðlunum

sem var í senn félagshyggjumaður og nytjasinni (pragmatist). Hann staðhæfði að þekkingarsköpun væri upphaf að breytingarvinnu og árangur af rannsókna- og vísindastörfum ætti ekki að snúast um að sanna eða hrekja eðli fyrirbæra heldur skapa aðferðir og verkfæri til þess að koma á félagslegum breytingum (Dewey, 1929).

Margir aðrir hafa bent á að ekki sé nóg að skýra og skilja tilveruna heldur þurfi líka að breyta henni. Auðvitað höfðu verk Karls Marx speglað þessa sömu hugmyndafræði áður, en dfalektísk aðferð hans hefur nú á döggum notið sín einna best á sviði hjálparstarfa sem m.a. speglast í ritum og störfum Paolo Freire. Þar skapar hugtakið vitundarvakning nýja þekkingu í vxlverkun leiðbeinanda/félagsráðgjafa og þátttakenda/skjólstaðinga. Hún leiðir til nýrra kenninga sem hægt er að beita og prófa í sifelldu endurmati. Í þessum fræðum er byggt á pólitísku og siðferðilegu mati en engan veginn á hlutleysi. Þar er það ferlið en ekki hlutlausar mælingar á viðfangsefninu sem fæðir af sér nýja þekkingu (Freire, 1972). Ég hef í tímaritsgrein gert grein fyrir hvernig beita megí þessari hugmyndafræði í starfi félagsráðgjafa (Sigrún Júlíusdóttir, 1980). Þessi viðhorf náðu ekki fótfestu innan félagsvísindanna í upphafi og eru, eins og við vitum, umdeild ennþá. Raunstefnan, pósitívisminn, frá 19. öld tók yfirhöndina og var í raun ráðandi þar til samtímamaður okkar T. Kuhn setti fram viðtakshugmyndina í umfjöllun sinni um ný viðhorf til þekkingar, notkun hennar, þróun og tilgang.

Viðtak í félagsráðgjöf

Harald Swedner er einn af mörgum sem hafa örvast af verkum Kuhns og gert sér mat úr viðtakinu. Hann leggur áherslu á nauðsyn þess að

rannsóknir á sviði starfs- og fræðigreinar byggji á eigin hugmyndum og hugtakanotkun og talar í því sambandi um nytjaviðtak („aktörparadigm“, „praxeologískt paradig“) í tengslum við rannsóknir á sviði félagsráðgjafar.

Sænski vísindaheimspekingurinn Hákan Törnebohm hefur í skrifum sínum fært rök fyrir því að nýsköpun þekkingar og reyndar öll þekkingarþróun mótist af hugmynda-ramma rannsakandans. Í þessu felst að hún mótist af áhuga hans (hvað hann vill gera), fæmi (hvað hann kann), lífssýn (afmörkun þess sviðs sem hann einbeittir sér að) og vísindaviðhorfi. Þetta þurfi að samræma að einhverju marki innan viðkomandi fræðigreinar svo að hún geti dafnað (Törnebohm, 1983). Bæði Törnebohm og fleiri sem hafa skrifað um vísindaheimspeki og vísindasögu ætla að viðtakshugmynd sé einn snarasti þátturinn í viðleitni félagsvísindanna til að skipa sér sess meðal eldri og hefðbundinna vísindagreina. Viðtakið veiti þeim beinlínis inngöngu í samfélag vísindanna (Nilsson, 1984).

Sven-Axel Månsson talar um þörfina á „perspektivskifte“ eða viðhorfsbreytingu, m.ö.o. annars konar þekkingarsköpun í rannsóknum á sviði félagsráðgjafar sem er örloftið annað en tengt viðtakshugmyndinni. Þá er tekið mið af reynslu skjólstaðinga og fagfólks úti á mörkinni, stuðst við áþreifanlegar lýsingar og þeim umbreytt í skipulega vitneskju sem fæðir af sér nýja þekkingu, niðurstöður og skilning á því sem þarf að breyta (Månsson, 1987).

Á sömu nótum er Sune Sunesson, prófessor í Lundi, þegar hann talar um „användningsperspektivet“. Hann fæst einkum við að kryfja hvernig rannsóknaniðurstöður nýtast í daglegu starfi og byggir þá

bæði á fræðilegum grunni og athugunum (Nilsson, Sunesson 1988).

Rosmari Eliasson er annar félagsráðgjafi frá Háskólanum í Lundi sem hefur starfað, kennt og stundað rannsóknir á ýmsum sviðum félagsráðgjafar. Í síðustu bók sinni *Forskingsetik och perspektivval* fjallar hún um rannsóknir í félagsráðgjöf og gerir hlutleysis- og siðfræðihugtökun að viðfangsefni (Eliasson, 1987). Rauði þráðurinn sem hún spinnur er sá sami og hjá Másson. Það sé siðferðileg skylda hjálparstétta að tengja reynsluförða sinn rannsóknnum og þróun starfsgreinarinnar. Hin sanna hollusta við skjólstæðingana sé að miðla reynslu þeirra í marktæku formi til samfélagsins þannig að breytingar megi verða á óviðunandi aðstæðum. Vinna beri út frá því huglæga (subjektiva) og einstaka (únika) og umbreyta því í þekkingu á því sameiginlega og almenna. Hún varar þó við of mikilli samstöðu eða tilhneigingu til að fegra eða sverta viss fyrirbæri þannig að niðurstöður miði fyrirfram að því að gefa gæðþekka mynd af þeirri hlið sem rannsakandinn hallast að. Þetta hefur því miður einmitt viljað brenna við þegar unnið er með „heit“ efni sem tengjast t.d. kvennarannsóknnum og misbeitingarmálum. Við verðum að greina á milli trúar eða tilfinningalegrar samstöðu og „trúlausra“ rannsóknnaaðferða.

Þankamir um siðferðilega skyldu hjálparstétta að sýna samstöðu með lífilmagnanum eru líka velþekktir frá danska lækninum og hugmyndasagnfræðingnum Uffe Juul Jenssen sem varar við því að festast í vandamálum líðandi stundar og gefa ekki gaum að rannsóknnum eða vinna að stefnubreytingum (Juul Jensen, 1984 og 1985). Skilningur og tók á einstaklingsvanda þurfi að haldast í hendur við skilning á

heildarsamhengi félagslegra aðstæðna og fyrirbæra.

Hugmyndir kerfisfræðinnar, sem ryðja sér nú til rúms í meðferðarstörfum, spegla svipaða sýn þar sem heildarsamhengi er lykilorðið ásamt áherslu á samspil og svörun fremur en leit að orsök eða afleiðingu. Þar er orsök sjaldan einræð eða af einni rót heldur er um samspil og fjölbætta verkun að ræða. Skoðandinn kemur sjálfur inn í myndina og hefur óhjákvæmilega áhrif með tilvist sinni einni saman.

Sú hugmyndafræði sem raunhyggjan byggir á um hlutlægar mælingar og beint orsakasamhengi fékk aldrei hljómgrunn meðal félagsráðgjafa sem heyrðu auk þess á þeim tíma e.t.v. ekki nema óminn af þessari umræðu. Þeir voru önnur kafnir við dagleg krefjandi störf sín í þágu skjólstæðinganna, ýmist í einstaklingsmálum eða við félagslegar umbætur. Hugmyndafræði raunhyggjunnar gekk aukinheldur þvert á upphaflegar hugmyndir og siðfræði félagsráðgjafar. Bendir margt til þess að það hafi átt sinn þátt í að þeir hafa fram undir þetta hneigst til að hafna rannsóknnum sem þætti í námi og störfum. Færu félagsráðgjafar að vinna að rannsóknnum í anda slíkrar hugmyndafræði kynnu þeir að flýja inn í flabeinstum háskólanna og yrðu þar eins og útlægir föðurlandssvikarar í hlutlausu ríki, „stikkfr“ bæði gagnvart starfsfélögum og ekki síður erfiðum skjólstæðingum og vonlausum aðstæðum þeirra. Sá kvíðbogi sem hjálparstétta bera fyrir aukinni áherslu á fræðiþekkingu og rannsóknastörf hefur þannig komið fram í gagnrýni þar sem fræðimennska eða óguð vinnubrögð eru lögð að jöfnu við einangrun frá mörkinni, heft viðbrögð og skort á mannúðarsjónarmiðum. Hefur þá verið vísað til uppruna erlenda orðsins „diciplin“ sem vísi til aga og tilfinningaleysis

jafnframt því sem það merkir fræðigreini (Katrín Friðjónsdóttir, 1984).

Þannig má segja að tvö af grunnhugtökum félagsráðgjafar, heildarsýnin og jarðsamband við skjólstæðingana, hafi á sínum tíma forðað okkur frá firringu hefðbundinna rannsóknastarfa en því miður bólusett okkur um leið gegn dýpri fræðilegri þekkingu, þekkingarsköpun almennt og virðingu stéttinni til handa - fagmennskunni. Segja má að við höfum þá kastað barninu út með baðvatninu. Ég vil í þessu sambandi minna á að það er ekki bara félagsráðgjöf sem glímir við efasemdir um þekkingarhugtakið og á í togstreitu um gildi hagnýtrar þjónustu eða fræða og fagmennsku (eins og þetta tvernt séu andstæður) heldur eru aðrar starfsgreinar, svo sem hjúkrunarfræði, sjúkráþjálfun, iðjuþjálfun og fleiri kvenna- og hjálparstétta, að kljást við þetta sama.

Upphafleg hugmyndafræði hjálparstétta er lík, þ.e. að hjálpa, vera góður og gefa en ekki að efla sjálfan sig og greinina sem slíka (eins og þetta þrennt verði að stangast á). Eins konar sektarkennd skapast yfir því að hafa þekkingu og verði hún dýpkuð sé verið að safna í eigin sjóð. En þessi þekking er ekki bara okkar „eign“ heldur skjólstæðinganna og samfélagsins, svo að ekki sé nú talað um reynsluna sem beinlínis er byggð á þeim. Því ætti að vera hægt að þagga niður í sektarkenndinni með því að gera sér ljóst að þekking og fræðastörf eru ekki persónuleg eignasöfnun. Robert Merton hefur orðað þetta þannig að í vísindum eigi enginn neitt fyrr en hann hefur látið það frá sér. Einnig má minna á að við höfum hlotið menntun og starfsreynslu á kostnað skattborgaranna og skjólstæðinganna og slíkt ber að ávaxta svo að það leiði til góðs fyrir þá. Um þetta efni hef ég fjallað í

áðurnefndri títmaritsgrein um félagsráðgjöf, góðmennsku og fagmennsku (Sigrún Júlíusdóttir, 1987).

Fræðimennska og siðfræði

Atle Måseide hefur bent á annan hæng fagmennskunnar þar sem hann fjallar um fagmennsku og siðfræði hjálparstétta (Måseide, 1987). Þá mótsögn sem felst í því að sérþekking sem fagmennskan byggist á verði svo mikil að reynsla og áhrif frá öðrum nái ekki í gegn. Aðeins eigin sérhæfing eða þekking úr eigin röðum verði marktæk. Slíkt mundi að sjálfsögðu stríða gegn siðfræði hjálparstétta og væri þversögn í samspili markmiðs og meðals. Það hefur heldur ekki rutt veginn fyrir fagmennskuna að hjá einni elstu og virtustu hjálparstéttinni, læknumum, hafa sérhæfing og fagmennska þróast þannig að ekki er yngri stéttum til fyrirmyndar. Hjálparþátturinn og listræni þátturinn (læknislistin) hafa þar vikið fyrir einangraðri sýn á sjúkdóma og einkenni og áhersla á eigin starfsframa farið vaxandi. Rannsóknir hafa þá oft orðið tæki fremur en markmið. Hugtakið fagmennska samsvarar þar vel skilgreiningu Etzionis um firrt tengsl og útreiknaðan áhuga („kalkýlerad involvering“), þ.e. manneskjur vekja ekki áhuga sem slíkar heldur sem hlutlæg, ópersónuleg viðfangsefni. Þær hafa fyrst og fremst gildi sem rannsóknaverkefni - ýmist sem einstök, sjálfstæð dæmi („kasuistik“) eða til að alhæfa út frá (Etzioni, 1972).

Hér er ástæða til að gefa sérstaklega gaum að öðru atriði sem lýtur að rannsóknnum á starfssviði félagsráðgjafa, þ.e. siðfræðilega sjónarmiðinu sem tengist rannsóknnum á skjólstæðingunum sjálfum og sérstæðum vandamálum þeirra. Þá er einfaldlega ekki hægt að beita hefðbundinni aðferðafræði til að

nálgast viðfangsefnið, vinna úr upplýsingum og kynna niðurstöður. Sven Hessle, lektor í félagsráðgjöf, er einn þeirra sem hafa fengist við þetta efni og hefur hann skrifað fróðlega ritgerð sem hann kallar „Att forska med utsatta“, en nafnið felur í sér að hún fjallar um siðfræðilegan vanda (Hessle, 1977). Umfjöllun hans byggist á rannsókn á afdrifum ungra vímuefnaneytenda eftir meðferð. Þar vakna spurningar eins og: „Getum við notað aðstöðu okkar sem fyrrverandi meðferðar aðilar til þess að fá fram rannsóknaniðurstöður?“ Siðfræðilega mótsögnin felst í því að e.t.v. hefur enginn annar en einmitt sá (og stundum hann einn), sem hefur byggt upp traust samband við skjólstæðinginn á sínum tíma, aðstöðu til þess að leita hann uppi, fá hann til samstarfs og fá trúverðuga innsýn í líf hans. Hér reynir á sannfæringu viðkomandi félagsráðgjafa um að hann sé að nýta þekkingu sína til að fá fram nýja þekkingu sem hefur gildi fyrir aðra félagsráðgjafa, skjólstæðingahópinn og samfélagið í heild og að það eigi rétt á sér jafnvel þótt hann kunni sjálfur að fá góða umsögn, umbun og jafnvel viðurkenningu fyrir verk sitt. Ég hef fjallað lítillega um þetta atriði í mínum hluta í skýrslu nauðgunarmálanefndar þar sem ég vann að viðtalskönnun við fómarlömb nauðgana og glímdi þá við þetta siðfræðilega atriði (Sigrún Júlíusdóttir, 1988).

Í slíku tilviki reynir á að meta hversu langt er verjandi að ganga í því skyni að fá skjólstæðing eða þann sem orðið hefur fyrir persónulegri ofraun til að taka þátt í rannsókn um sama efni. Hvenær er viðeigandi að bjóða honum hjálp, um leið eða á eftir? Hér er siðfræðilega mótsögnin sú að sama persóna sinnir tveim starfsþáttum af einu og sama tilefni og gagnvart einum og sama einstaklingi. Það er býsna snúið þó

ekki væri nema af tíma- og fjárhagsástæðum.

Í vísindaheimspeki hefur talsvert verið fjallað um tvær hliðar sérfræðiþekkingarinnar og hvað þurfi að varast. Einhvern tímann var sagt að sérfræðingur væri sá sem veit meira og meira um minna og minna þangað til hann veit allt um ekki neitt. Andstæðan við þetta er maðurinn sem veit minna og minna um meira og meira þangað til hann veit ekkert um allt (Þorsteinn Vilhjálmsson, 1989). Ef til vill má segja að félagsráðgjöf hafi til skamms tíma lagt áherslu á að vita minna og minna um meira og meira, a.m.k. í grunnáminu sem stundum hefur verið kallað „smörgásbordet“. Þótt hin ýkta mynd af sérfræðingnum sé ógnvænleg geta trúlega flestir séð það sorglega við andstæðuna. Ég get ekki séð að nauðsynlegt sé að einskorða sig við annað hvort eða mála fjandann á vegginn eins og Ivan Illich gerir í ritum sínum þar sem hann fjallar um sérfræðiþekkingu, fagmennsku og völd sem undirrot alls illis (Illich, 1977).

En víkjum þá aftur að rannsóknnaaðferðum og raunhyggju. Nú má fólk ekki misskilja mig og halda að röksemdafærsla mín hér miði að því að hafna algjörlega rannsóknnaaðferðum raunhyggjunnar. Því fer fjarri. Þær eiga rétt á sér á mörgum sviðum og auðvitað sérstaklega á sviði náttúru- og raunvísinda því að þar er sá sem rannsakar yfirleitt ekki gerandi um leið og hann skoðar. Þar er hægt að mæla og skilgreiningar og afmörkun eru allt að því gefnar fyrirfram (viðfangsefni og breytur afmarka sig sjálf). Þar er hægt að sanna eða afsanna eðli fyrirbæra á hlutlægum grunni. Hins vegar vakna spurningar þegar einhver heldur því fram að engin þekking hafi gildi, allra síst vísindalegt, nema hún hafi verið mæld hlutlaust og prófuð (sönnuð eða

afsönnuð) og til þess þurfi hlutlega mælikvarða á fyrirfram skilgreind og afmörkuð fyrirbæri, hvort sem það eru þættir í náttúrunni, mannleg hegðun eða tilfinningar. Ég vil líka leggja áherslu á að margt í raunhyggjunni á fyllilega rétt á sér í félagsvísindum og ég ált að enginn ætti að fást við rannsóknir - ekki heldur í félagsráðgjöf - sem hefur ekki kynnt sér hefðbundnar rannsóknaaðferðir og kann að vinna með skilgreiningar, tölfræðilega þáttgreiningu, fylgnistuðul, líkindareikning og tilgátumedferð svo að eitthvað sé nefnt - enda er lögð áhersla á þetta í rannsóknanámi félagsráðgjafa.

Með þeim rökum, sem ég hef nefnt hér, má segja að markmið rannsókna í félagsráðgjöf sé að safna reynslu og þekkingu og setja hana í fræðilegan ramma til grundvallar nýjum leiðum, aðferðum og úrræðum sem hægt er að prófa í daglegu starfi, bæta við og klippa af þannig að ný fræði skapist. Harald Swedner hefur flokkað þetta í fernt (Swedner, 1983):

1. Skilgreining markmiða.
2. Þekkingarsköpun/verkfæra-sköpun (aðferðir).
3. Framkvæmd og beiting.
4. Mat og prófun. Ný þekking - nýjar rannsóknir.

Þessi uppsetning kemur skemmtilega heim og saman við gömlu góðu „casework“- aðferðina í félagsráðgjöf, þ.e.

- tilvísun/rannsókn (þekkingar/upplýsingasöfnun)
- greining (á vanda og verkfærum)
- aðgerð/framkvæmd
- mat og endurmat.

Af þessu má sjá að félagsráðgjöf sem starfs- og vísindagrein getur aldrei orðið hlutlaus skoðandi heldur hljóta fræðimennska og starfið í raun sífellt að tengjast.

Hindrunum rutt úr vegi

Þá kem ég að síðasta þættinum í þessari umfjöllun, þ.e. hvemig best verði unnið að því að ryðja nýjum viðhorfum til rúms innan stéttarinnar, snúa þróuninni við og nota einmitt hugtökin tvö, heildarsýn og jarðsamband, til þess að vinna greininni brautargengi og afla félagsráðgjöfum sjálfum virðingar um leið og skjólstæðingar fá betri þjónustu. En hér getum við haft í huga það, sem við notum okkur reyndar stöðugt og vinnum með í meðferðarstarfinu, að oftast eru tvær hliðar á sama fyrirbærinu, þ.e. að veikleiki felst oftast í styrkleikanum og öfugt. Jafnframt því sem heildarsýnin og jarðsambandið við skjólstæðinga ásamt virðingu fyrir stöðu þeirra og rétti var upphaflega hin sterka siðfræði í grein okkar urðu þessir þættir hindrun um skeið eins og ég rakti hér að framan. Á sama hátt má nú segja að einmitt þeir geti og eigi að vera drýgsta vegarnestið þegar hyggja skal að sérstöðu og þróun greinarinnar sem háskólafags og vísindagreinar (Pettersson, 1983). Þessu tvennu þarf að halda til haga en þó þannig að heildarsýn merki ekki aðeins útþynnt breiðþekking heldur feli í sér viðhorf í rannsóknaaðferðum. Samkvæmt þeim skilningi á heildarsýn yrðu rannsóknir og rannsóknaniðurstöður sífellt tengdar félagslegum raunveruleika, spröttar þaðan og skilað þangað aftur en lifðu ekki einangruðu lífi niðri í kómmóduskúffu. Á sama hátt yrði jarðsambandið við skjólstæðingana ekki klafi sem byndi félagsráðgjafa í blindri skammtímahollustu við einstaklinga heldur yrðu hin nánu vettvangstengsl stöðug uppspretta fyrir knýjandi rannsóknaverkefni, sem leiða af sér nýja þekkingu til úrbóta í bráð og lengd.

Eins og ég nefndi hér að framan er ekki nóg að koma á æðri menntun og setja á laggimar prófessorsstöður ef félagsráðgjafarnir sjálfir eru ekki tilbúnir að nýta sér það. Um þetta er Þrándheimsháskólinn (Institutt for højere sosionom-utdanning) e.t.v. glögg dæmi. Það nám höfðaði ekki til norskra félagsráðgjafa og örfáir stúdentar sóttu þangað í upphafi. Móttöku-skilyrðin þurfa að vera fyrir hendi eða eins og áður sagði: Við þurfum að verða fleyg, tilbúin að taka flugið.

Hér virðist skipta mestu að skapa nýtt viðhorf til rannsókna og hvemig megi vinna að þeim í beinum tengslum við almenn félagsráðgjafastörf. Eins konar rannsóknavitund og -skilningur þurfa að vakna. Slíkt viðhorf er forsenda þess að geta yfirleitt litid upp frá skrifborðinu og skjólstæðingunum og séð þörfina fyrir rannsóknir og að hafa svo áhuga á að sinna þeim sjálfur eða beina verkefnum til annarra. Hér er átt við að greining félagsráðgjafans á félagslegum vanda á öllum stigum (einstaklinga, hópa og samfélags) verður að byggjast á sterkri fræðilegri undirstöðu sem getur eingöngu náðst með hugmyndalegri sannfæringu um gildi, réttmæti og nauðsyn fræðilegrar þekkingar. Til þess þarf eftirfarandi:

1. Meginmál er að *efla grunnmenntunina* til muna - nú verður mönnum á Norðurlöndum tíðrætt um að lengja námið - ekki til þess að bæta við efni heldur til að dýpka.
2. Annað atriði sem mundi efla jákvætt viðhorf til rannsókna væri að veita tækifæri til *rannsóknavinnu á námstímanum* en alltof lítið hefur verið um það þótt dæmi séu til. Þar gætum við tekið hjúkrunarfræðinga okkur til fyrirmyndar.

3. *Sambætting* er enn eitt sem mundi stuðla að aukinni rannsóknavitund og ryðja nytjaviðmiðinu braut um leið. Mestu skiptir að skapa flæði og efla tengslin milli allra laganna með umræðu og samstarfi. Þetta þarf ekki að þýða að sami einstaklingur spanni yfir öll sviðin heldur að fulltrúar úr hverju þeirra tengi þau saman. Í þessu felst m.a. að þeir sem *kenna í grunnáminu fáist sjálfir við rannsóknir* líkt og í öllum öðrum háskólagreinum, þekki rannsóknarferli af eigin raun og geti þannig miðlað af reynslu sinni, bæði í raunverulegum verkefnum og með viðhorfum sínum.

Segja má að íslenska námið standi að mörgu leyti betur að vgi en það skandinavíska hvað varðar fræðilegu hliðina en hins vegar skortir því miður talsvert bæði á rannsóknir og sambættingu eins og það er byggt upp núna meðan greinin er ekki aðalgrein og alltof fáir ljá henni lið.

Bæði í Bandaríkjunum og Svíþjóð hefur verið lögð áhersla á að í framhaldsnámi séu öll sviðin tengd saman, þ.e. grunnám, daglegt starf og rannsókn- eða doktorsnámið. Þetta kemur meðal annars fram í því að þeir sem eru í doktorsnámi kenna í grunnáminu og sömuleiðis koma starfandi félagsráðgjafar með framhaldsmenntun inn í kennsluna. Ég minnst þess úr masters-námi við Michigan-háskóla í Bandaríkjunum að nánast allir fastráðnir kennarar þar störfuðu að hluta við félagsráðgjafastörf eða voru að vinna að rannsóknaverkefnum úti á mörkinni.

Lokaorð

Í þessari umfjöllun um rannsóknir og þróun í félagsráðgjöf hefur verið reynt að bregða upp mynd af

framvindunni. Jafnframt hefur athyglinni verið beint að þeim mörgu röddum hæfra manna úr eigin röðum sem hljóma æ betur saman og hvetja til þess að við notum styrk okkar til að horfa framávið og þorum að skipa okkur við hlið annarra hjálparstétta og ná jafnstöðu með þeim. Við þurfum að verja meiri kröftum og standa betur saman um að gera auknar kröfur til náms og starfsfærni, bæði til þess að efla greinina og bæta hag skjólstæðinga okkar en síðast en ekki síst treysta okkur í sessi sem starfsgrein. Líkt er í samræmi við siðfræðiboðskapinn um að menn eigi ekki að setja ljós sitt undir mæliker. Sannfæring mín er að það sé til þess fallið að efla aftur sam- hug og samstöðu með félagsráðgjöfum, innávið og útávið, og færa okkur það raunverulega traust og virðingu sem við þráum öll að grein okkar njóti um leið og við fáum sjálf verðskuldaða umbun fyrir krefjandi, vandasöm og ábyrgðarmikil störf.

Ég vil ljúka orðum mínum með því að vitna í einn af norrænu prófessorunum í félagsráðgjöf sem nefndi það „gagnkvæmar gjafir“ þegar störfin á mörkinni færa fræðimanninum efniviðinn en fræðimennskan eflir störfin með nýjum svörum. Hvorugt getur án hins verið ef framþróun á að verða og félagsráðgjöf að eflast sem sjálfstæð starfs- og fræðigreinin.

Heimildir

- Bärmark, J. (red.), *Forskning om forskning: eller Konsten att beskriva en elefant*, Lund 1984.
- Berglind, H., och Petterson, U., *Omsorg som yrke eller omsorg om yrket: En studie av omsorgens professionalisering*, Stockholm 1980.
- Cherniss, C., *Staff Burnout: Job Stress in Human Services*, New York 1980.

- Chodorow, N., *The Reproduction of Mothering: Psychoanalysis and the Sociology of Gender*, Berkeley 1978.
- Dahlström, E., och Liljeström, R., "Det patriarkala arvet", *Sociologisk Forskning* 1981:2.
- Dewey, J., *The Quest for Certainty*, N.Y. 1929.
- Eliason, R., *Forskningsetik och perspektiv*, Lund 1987.
- Engelund, T., *Önefni, óútféð erindi haldið á ársfundi Nordisk Socialhögskolekomite* 1989.
- Etzioni, A., *Moderne organisationer*, København 1972.
- Freire, P., *Pedagogy of the Oppressed*, London 1972.
- Galper, J., *The Politics of Social Services*, New Jersey 1975.
- Hessle, S., *Att forska med utsatta. Rapport nr. 32. Barnbyn Skå*, 1977.
- Illich, I., *Disabling Professions*, London 1977.
- Juul Jensen, U., *Moraliskt ansvar och människosyn: Attityder till social och hälsövård*, Lund 1985.
- Juul Jensen, U., *Sjukdomsbegrepp i praktiken*, Stockholm 1984.
- Karlsson, W., "Fält och forskning - ett ovisst möte", *NSA* 1986:1.
- Katrín Friðjónsdóttir, "Professionalisering och specialisering av forskningen i ett samhällsutvecklingsperspektiv". *Publicerad föredrag på Nordisk Forskarkursus, Trondheim* 1984.
- Kuhn, T., *The Structure of Scientific Revolutions*, Chicago 1980. (Endurútg. frá 1962).
- Lundström, T., "Professionalism och socialt arbete", *NSA* 1989:1.
- Maslach, "Burnout", *Human Behaviour* 1976.
- Mathies, A.L., "Ekologi och socialarbete", *NSA* 1987:4.
- Mattinson, J., and Sinclair, I., *Mate and Stalemate*, London 1979.
- Merton, R., *Science, Technology and Society in Seventeenth Century*, New Jersey 1978. (Endurpr. frá 1938).
- Månsson, S.-A., "Kunskapsproblemet i socialt arbete: Några funderingar från en projekthorison", *NSA* 1987:2.
- Måscide, A., "Professionalisering - Negativt för klienter?" *NSA* 1987: 4.
- Nilsson, I., "Vetenskapshistoria", i Bärmark, 1984.
- Nilsson, K., och Sunesson, S., *Konflikt, kontroll, expertis*, Lund 1988.

- NOU 1988:28, Med viten og vilje.
- Pettersson, U., "Helhetssynets konsekvenser for forskning i sosialt arbeid", NSA 1983:3.
- Piven, F.F., and Cloward, R.A., *Regulating the Poor: The Functions of Public Welfare*, N.Y.1972.
- Rapport fra Danmark, Nordisk sosialhøjskolekomites årsmøde 1989.
- Rapport fra Norge, Nordisk sosialhøjskolekomites årsmøde 1989.
- Rapport fra Sverige, Nordisk sosialhøjskolekomites årsmøde 1989.
- Rubin, A., and Rosenblatt, A. (eds.), *Sourcebook on Research Utilization*, New York: Council of Social Work Education, 1979.
- Schmidt, D., Mortensen, E. og Bentzon, A.W., "Forskning i sosialarbejderens professionelle rolle: Den åbne samtale", NSA 1986:4.
- Sigrún Júlíusdóttir, "Socialt arbeid och etik: Vålgörenhet, professionalism, privatverksamhet", NSA 1987:1.
- Sigrún Júlíusdóttir, "Teoriens relevans för praktiskt, socialt arbeid", NSA 1986:2.
- Sigrún Júlíusdóttir, "Áttíttalið kráver en ándrad hjálparroll", NSA 1981:1.
- Sigrún Júlíusdóttir, *Hremmingar: Viðtölum nauðgun*, Reykjavík 1988.
- Sjöström, K., *Socialpolitiken i det kapitalistiska samhället*, Göteborg 1974.
- Swedner, H., "Forskning i socialt arbeid", NSA 1983:3.
- Swedner, H., *Socialt arbeid: En tankeram*, Lund 1983.
- Swedner, H., "Det sociala arbetets historia", *Sosiaalityön Vuosikirja* 1985.
- Swedner, H., "Om att bli flygg - ett collage om språnget och fångsten i socialt arbeid", NSA 1987:1.
- Törnebohm, H., *Studier av kunskapsutveckling*, Karlstad 1983. Tilvitnað í Swedner 1985.
- Þorsteinn Vilhjálmsson, "Vísindasagan í heimi fræðanna", *Skírniir* 1989.